

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/1498
komudagur 22.4.2005

Nefndarsvið Alþingis,
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK



Laugavegi 103
105 Reykjavík
Ísland/Iceland

Reykjavík, 19. apríl 2005

Sími/Tel.:
(354) 561 3560
Fax: 551 3567

E-mail:


Efni Umsögn um frumvarp til laga um happdrætti

Félag heyrnarlausra gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarp til laga um happdrættissölu. myndyrn@ismennt.is

Samkvæmt 5. gr. er gert er ráð fyrir að sölutímabil verði að hámarki 2 mánuðir frá þeim degi sem tiltekin er í happdrættisleyfi hverju sinni. Heimilt verði að framlengja um einn mánuð ef sérstakar aðstæður mæla með því. Félag heyrnarlausra hefur selt happdrættismiða í mörg ár og hefur happdrættissalan verið ein mikilvægasta tekjulind félagsins. Við höfum haft happdrætti tvisvar á ári og hvert sölutímabil venjulega verið 3 til 4 mánuðir. Ljóst er að með því að stytta söluleyfistímann í tvo mánuði er verið að skerða verulega möguleika Félags heyrnarlausra til tekjuöflunar með sölu happdrættismiða.

Samkvæmt 7. gr. er vinningshlutfallinu breytt þannig að vinningshlutfallið verði að lágmarki 35% en er í dag um 17%, þessi mikla hækkun á vinningshlutfallinu þýðir að tekjur af happdrættinu minnka til muna og þar með tekjur Félags heyrnarlausra. Ef hækkun á að vera 100% þá er það gífurlegt stökk. Félag heyrnarlausra leggur til að ef nauðsynlegt er að breyta eða hækka vinningshlutfallið, þá þyrfti að gera það í áföngum.

Virðingarfyllst,
f.h. Félags heyrnarlausra


Kristinn Jón Bjarnason
framkvæmdastjóri

Íslenskt **táknmál**
þú hefur það í hendi þér